

Miðvikudaginn 30. nóvember 1960.

Nr. 170/1959. **Þorsteinn Jónsson** (Guðlaugur Einarsson hdl.)
 gegn
Jóni Gíslasyni (Magnús Thorlacius hrl.)
 og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Lögbann. Veiðiréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og samdómendurnir Þorvaldur T. Jónsson, oddviti í Hjarðarholti, og Þórir Steinþórsson, skólastjóri í Reykholti, hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1959. Eru kröfur hans þær, að lögbann það, sem lagt var við lax- og silungsveiði gagnáfrýjanda í Andakilsá hinn 12. ágúst 1958, verði staðfest og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 30. september 1959 og krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 23. nóvember 1960, var staðfestur dómur, uppkveðinn á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 20. júlí 1959, þar sem viðurkenndur er eignarréttur gagnáfrýjanda að landi því, sem hið svonefnda Neðra-Hreppsengi er á, og viðurkennt er slægjuítak aðaláfrýjanda á því engi. Aðaláfrýjandi hefur eigi fært sönnur að því, að hann og fyrri ítakshafar í Neðra-Hreppsengi hafi stundað veiði fyrir engjalandinu með þeim hætti, að gagnáfrýjandi sé firrtur rétti til að veiða fyrir þessu landi sínu.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Átelja ber óhæfileg ummæli lögmanns aðaláfrýjanda, Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, í bréfum til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem lögð hafa verið fram í máli þessu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 21. júlí 1959.

Mál þetta er höfðað með opinberri stefnu, útgefinni 18. ágúst f. á., til staðfestingar lögbanni, er fram fór 12. sama mán., þingfest 16. september f. ár, áreið gerð 1. maí 1959 og tekið til dóms 10. þ. m.

Stefnandinn, Þorsteinn Jónsson, bóndi í Efra-Hrepp, krefst þess, að lögbann það, sem lagt var við því með úrskurði sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 12. ágúst s.l., að stefndi, Jón Gíslason, stundi lax- og silungsveiði í Andakílsá fyrir landspildu þeirri, sem nefnd er Neðra-Hreppsengi á Suðurengjum, verði staðfest með dómi. Enn fremur krefst hann þess, að stefnda verði gert að greiða allan málskostnað, þar með talinn lögbannskostnað, eftir mati dómsins.

Stefndi, Jón Gíslason, bóndi á Innri-Skeljabrekku, krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Enn fremur krefst hann málskostnaðar af hendi stefnanda að skaðlausu.

Undir rekstri málsins hefur stefndi fallið frá aðalkröfu sinni, þar eð stefnandi lagði fram í réttinum dómsgerðir lögbannsmálsins.

Málflutningsmaður stefnanda hefur hreyft því, að stefnda brýsti fullkomna eignarheimild fyrir jörðinni Innri-Skeljabrekku. Telur hann, að er faðir stefnda, Gísli Jónsson, fékk afsal fyrir jörðinni 22. júní 1937 frá Jóni Hannessyni fyrir hönd Guðrúnar Jónsdóttur í Bæ, hafi hún eigi verið eigandi hennar, heldur sonur hennar, Andrés Björnsson frá Bæ.

Undir rekstri málsins hefur málflutningsmaður stefnda lagt fram yfirlýsingu Andrésar Björnssonar, um að móðir hans hafi

haft fullt og ótakmarkað umboð til að afsala jörðinni til Gísla Jónssonar. Einnig er alkunnugt, að Jón Hannesson, bóndi í Deildartungu, var fjárhaldsmaður Guðrúnar Jónsdóttur frá Bæ. Verður því vefenging stefnanda á eignarheimild stefnda fyrir jörðinni Innri-Skeljabrekku eigi tekin til greina.

Málavextir eru þessir:

Í ágústmánuði 1958 setti stefndi laxveiðilögn í Andakílsá fyrir svonefndu Neðra-Hreppsengi. Taldi stefnandi stefnda veiði óheimila þarna, þar eð hann taldi sig hafa fullkomið eignarafsal fyrir enginu frá móður sinni. Sneri hann sér því til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og krafðist þess, að lögbann yrði lagt við því, að stefndi veiddi fyrir Neðra-Hreppsengi. Var lögbann lagt við því 12. ágúst 1958 í fógetarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Höfðaði hann síðan mál þetta til staðfestingar lögbanninu.

Stefnandi byggir kröfu sína um, að stefnda verði bönnuð öll veiði fyrir Neðra-Hreppsengi, á því, að hann hafi fullkomin eignarrétt á enginu samkvæmt afsali frá móður sinni, Guðrúnu Þorsteinsdóttur í Neðra-Hrepp, og hefur hann lagt það afsal fram í réttinum á dómsskjali 4.

Jafnframt hefur hann staðhæft, að um mörg undanfarin ár hafi hann eða menn í umboði hans stundað silungs- og laxveiði í Andakílsá fyrir Neðra-Hreppsengi. Hins vegar hafi stefndi aldrei stundað veiði fyrir enginu, fyrr en hann setti lögn sína þar í ágúst 1958.

Telur hann þetta leiða til þess, að honum sé heimil fyrrgreind veiði, en stefndum óheimil.

Stefndi heldur því fram, að Neðra-Hreppsengi sé slægjuítak, er stefnandi eigi, og fylgi því ekki veiðiréttur. Þá mótmælir hann því, að stefnandi hafi stundað veiði fyrir enginu á undanförnum árum.

Hefur hann höfðað mál til viðurkenningar á eignarrétti sínum á landi því, er Neðra-Hreppsengi er á, og var það mál tekið undir dóm samtímis þessu máli.

Með dómi gengnum í gær í málinu: Jón Gíslason gegn Þorsteini Jónssyni, er því slegið föstu, að Neðra-Hreppsengi sé slægjuítak innan landamerkja jarðarinnar Innri-Skeljabrekku og eigi því eigandi ítaksins aðeins slægjurétt á því, en landið undir því sé eign eiganda Innri-Skeljabrekku.

Viðurkennir því rétturinn eigi, að afsalið á réttarskjali 4 veiti stefnanda rétt til veiði fyrir Neðra-Hreppsengi.

Þótt telja verði, að stefnandi hafi fært sönnur á, að hann eða menn á hans vegum hafi um nokkurt árabíl stundað silungsveiði fyrir Neðra-Hreppsengi, einkum jafnhliða því að hann nytjaði slægjur sínar á enginu, verður eigi talið, að hann hafi unnið hefð á veiðirétti með því. Skortir til þess fyrst og fremst sannanir fyrir því, að hann hafi stundað veiðina svo lengi, að til eignarhefðar megi leiða.

Samkvæmt framansögðu ber að fella úr gildi lögbann það, er lagt var 12. ágúst 1958 við því, að stefndi stundi lax- og silungsveiði í Andakílsá fyrir landspildu þeirri, sem nefnd er Neðra-Hreppsengi á Suðurengjum í Andakílhreppi.

Þá ber að gera stefnanda að greiða stefnda bætur fyrir tjón það, er lögbannið hefur bakað honum, en þar sem hann hefur ekki gert neina tilraun til sýna fram á, hve miklu það nemi, getur þar aðeins orðið um málamyndarbætur að ræða, og virðast þær hæfilega ákveðnar kr. 100.00.

Loks ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, er ákveðst kr. 3000.00. Enn fremur greiði hann kostnað dómsins, er ákveðst þannig:

1. Ferðakostnaður dómenda kr. 800.00
2. Dagkaup meðdómenda (7 daga hvor) — 1400.00

Samtals kr. 2200.00

Dómsorð:

Lögbann það, sem var í fógetarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 12. ágúst 1958 samkvæmt kröfu stefnanda, Þorsteins Jónssonar, lagt við því, að stefndi, Jón Gíslason, stundi lax- og silungsveiði í Andakílsá fyrir landspildu þeirri, sem nefnd er Neðra-Hreppsengi á Suðurengjum í Andakílhreppi, er úr gildi fellt.

Stefnandi greiði stefnda í málskostnað 3000.00 — þrjú þúsund — krónur. Enn fremur greiði hann kostnað við dóminn, að upphæð 2200.00 — tvö þúsund og tvö hundruð — krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá birtingu að viðlagðri aðför að lögum.